

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 11

Dags. 13.7.2006

11. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna 13. júlí 2006 kl. 20:30
Fundargerð var færð í tölvu. Mætt voru undirrituð

1. Verkaskipting nefndarinnar.

Formaður stakk upp á Jóni Þ. Óskarssyni sem varaformanni og Arnóri Benónýssyni sem ritara. Uppástungurnar voru samþykktar.

2. Styrkbeiðni frá Rakel Sigurgeirsdóttur vegna heildarútgáfu á ljóðum Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum.

Undir þessum lið fóru fram umræður um form á styrkveitingum nefndarinnar. Voru menn sammála um að rétt væri að auglýsa eftir styrkbeiðnum tvisar á ári. Samþykkt að auglýsa umsóknarfrest til 1. október og 1. maí ár hvert. Samþykkt að fresta afgreiðslu á styrkumsókn Rakelar þar til í október.

3. Stefna sveitarfélagsins í íþróttá- æskulýðs og menningarmálum.

Samþykkt að nefndin móti tillögur að stefnu sveitarfélagsins í íþróttá- æskulýðs og menningarmálum. Stefnt skal að því að ljúka þessari vinnu fyrir 1. nóvember 2006.

4. Erindi frá umf. Bjarma

Tekið fyrir erindi frá umf. Bjarma þar sem farið er fram á styrkveitingu á móti álögdum fasteignagjöldum á eignir félagsins á Bjarmavelli.

Jón Þ Óskarsson vék af fundi undir þessum lið.

Samþykkt að leita eftir nánari upplýsingum um hvernig álagningu fasteignagjalda á félagasamtök í sveitarfélaginu er háttað og hvaða eignir er um að ræða.

5. Önnur mál

Málefni bókasafna sveitarfélagsins rædd. Starfsskipulag nefndarinnar rætt og formaður lagði til að nefndarmenn hugsuðu það mál til næsta fundar. Hlöðver lagði til að formaður kæmi með mótaðar tillögur að starfsskipulagi nefndarinnar á næsta fund.

Samþykkt að halda næsta fund í byrjun september.

Samþykkt að fyrsti mánudagur í hverjum mánuði verði hefðbundinn fundardagur nefndarinnar og fundartími. 20:30.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 22:50

Arnór Benónýsson

Hólmfríður Eiríksdóttir

Jón Þ Óskarsson

Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson

Hlöðver Þ Hlöðversson